

Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2016-069U015**


Dagsetning: **20. ágúst 2016**

Staðsetning: **Þingskálavegur við Geldingalæk**

Atvik: **Framanákeyrsla**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Staðsetning

**Látinn:**

71 árs gamall karlmaður

Vður og birta:

Hiti 11°C, SV 3 m/s, bjart,

Vegur:

Bundið slitlag. Þurrt yfirborð. Hámarkshraði 90 km/klst.

Meðaltalsumferð á sólarhring er 80 ökutæki.

Tími sólarhrings:

13:31

Ökutæki:

Skoda Oktavia fólksbifreið

Toyota Hiace sendibifreið

Samantekt

Upp úr hádegis 20. ágúst 2016 varð harður árekstur tveggja bifreiða á Þingskálavegi við Geldingalæk. Ökumaður Skoda fólksbifreiðar ók yfir á rangan vegarhelming í veg fyrir Toyota sendibifreið sem ekið var úr gagnstæðri átt. Ökumaður Skoda bifreiðarinnar lést í slysinu og ökumaður sendibifreiðarinnar slasaðist talsvert.

Lýsing á slysi

Um miðjan daginn 20. ágúst 2016 var Skoda Octavia fólksbifreið ekið suður Þingskálaveg. Veður var gott, bjart og þurrt. Á sama tíma var Toyota Hiace sendibifreið ekið norður sama veg. Við Geldingalæk var Skoda bifreiðinni skyndilega ekið yfir á rangan vegarhelming í veg fyrir Toyota bifreiðina og úr varð harður árekstur. Ökumaður Skoda bifreiðarinnar lést í slysinu. Engir farþegar voru í bifreiðunum.



Mynd 1: Mynd tekin á slysavettvangi.

Ökumaður Toyota sendibifreiðarinnar greindi svo frá að Skoda bifreiðinni hafi skyndilega verið ekið í veg fyrir sína bifreið. Ummerki á vettvangi bentu einnig til þess að áreksturinn hafi orðið á vegarhelmingi Toyota sendibifreiðarinnar og að sendibifreiðinni hafi verið vikið til hægri til að reyna að forða árekstri. Á vettvangi voru hemlaför ekki greinanleg í aðdraganda slyssins. Ökumenn bifreiðanna voru vel kunnugir veginum.



Mynd 2: Mynd tekin norðan við slysstað í akstursátt Skoda fólksbifreiðarinnar. Vegurinn liggur niður brekku í vinstri beygju. Einnig má sjá skemmdir vegna reiðstígs báðum megin vegar.

Áverkar

Ökumaður Skoda fólksbifreiðarinnar lést af völdum fjöláverka. Engar vísbendingar má finna í læknisfræðilegum gögnum um hann sem benda til veikinda eða annars sem gæti skýrt orsök slyssins. Hann var spenntur í öryggisbelti og loftpúði í stýri blés út. Talsvert aflögun varð inn í ökumannsrými bifreiðarinnar.

Ökumaður sendibifreiðarinnar var spenntur í öryggisbelti. Hann hlaut aðallega áverka á neðrihluta líkamans en áverkarnir voru ekki lífshættulegir.

Ökutækin

Skoda Octavia fólksbifreið nýskráð 2012. Bifreiðin hafði verið færð til skoðunar 14. apríl 2016, þá ekin 63.219 km og var niðurstaða skoðunar án athugasemda. Bifreiðin var búin hálfslitnum ónegldum vetrarhjólborðum. Eðlilegur loftþrýstingur var í öllum hjólborðum nema hægra megin að framan. Við skoðun á hægri framhjólbarðanum eftir slysið benti ekkert til að hann hafi verið loftlaus fyrir slysið en frekar að sprunga hafði komið á innri hlið í árekstrinum. Ekkert kom fram við skoðun á bifreiðinni sem skýrir orsök slyssins. Mikil aflögun varð inn í ökumannsrými Skoda bifreiðarinnar. Í farangursrými bifreiðarinnar voru þungar verkfærakistur. Þær köstuðust fram og brutu niður sætisbak aftursætis vinstra megin sem varð þess valdandi að sætisbak ökumannsætis bognaði fram um nokkra cm og olli auknu álagi á líkama ökumannsins.



Mynd tekin af sætisbökum Skoda bifreiðarinnar. Lás sem heldur sætisbaki föstu gaf sig vegna álags frá þungum farangri. Sætisbak vinstra aftursætis bognaði fram og ýtti sætisbaki ökumannsætis fram um nokkra cm.



Mynd 3: Þungar verkfærakistur.

Toyota Hiace sendibifreið nýskráð 2008. Bifreiðin hafði verið færð til skoðunar 16. september 2015, þá ekin 218.390 km og var niðurstaða skoðunar án athugasemda. Öryggispúði í stýri blés út. Bifreiðin var útbúin hálfslitnum sumarhjólborðum.

Ökuhraði

Vitni, sem sendiferðabifreiðin ók fram úr rétt fyrir slysið, taldi sendibifreiðina hafa verið á um 95 km/klst hraða í frammúrakstrinum skömmu fyrir slysið.

Vegur og umhverfi

Á slysstað liggur vegurinn í beygju niður halla til suðurs. Takmörkuð vegsýn er á slysstað vegna hæðar í landslagi. Vegurinn er með bundnu slitlagi og hámarkshraði er 90 km/klst. Í miðju er óbrotin lína fyrir akrein til norðurs en hálfbrotin fyrir akrein til suðurs. Nokkuð var um slitlagsskemmdir í veginum, bæði var brotið upp úr vegköntum báðum megin vegar vegna reiðstígs fyrir norðan slysstað og holur voru farnar að myndast í slitlagið. Ósennilegt er að þessar slitlagsskemmdir hafi átt þátt í slysinu því engar holur voru í akrein. Skoda bifreiðarinnar í námunda við slysstað. Veður var gott, bjart en skýjað. Lítill vindur og þurrt.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Niðurstöður áfengis- og lyfjarannsóknar voru neikvæðar á ökumanni Skoda bifreiðarinnar. Niðurstöður áfengisrannsóknar á ökumanni Toyota sendibifreiðarinnar var einnig neikvæð.

Orsakagreining

- Ökumaður Skoda bifreiðarinnar ók yfir á öfugan vegarhelming í veg fyrir Toyota sendibifreiðina.
- Þungur óbundinn farangur í farangursrými Skoda bifreiðarinnar hentist fram við áreksturinn og olli því að sætisbak ökumanns bognaði fram og þrengdi að ökumanni.

Tillaga í öryggisátt

Slitlagsskemmdir

Á veginum voru slitlagsskemmdir, bæði holur og eins þar sem reiðvegur liggur þverar veginn um 200 metrum norðan við slysstað. Þar sem reiðvegurinn liggur yfir veginn hafði brotnað talsvert úr slitlaginu eins og sjá má á mynd hér að neðan.



Mynd 4: Brotið var upp úr slitlagi í vegbrún beggja vegna þar sem reiðstígur lá yfir veginn fyrir tæplega 200 metrum norðan við slystað.



Mynd 5: Á veginum voru nokkrar holur sem náðu í gegn um slitlagið.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa leggur til við veghaldara að gera úttekt á veginum og lagfæra slitlagsskemmdir.



Ábending

Þungur farangur

Í þessu slysi brotnaði aftursætisbak og sætisbak ökumanns bognaði fram vegna þunga farangurs. Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur áður rannsakað umferðarslys þar sem þungur farangur olli skaða og bendir nefndin á þá hættu sem stafað getur af þungum farangri í farangursrými fólksbifreiða. Ef til áreksturs kemur getur farangurinn kastast fram af miklu afli og valdið ökumönnum og farþegum skaða. Mikilvægt er að nota búnað til að binda niður farangur, - bönd eða net sem eru sérútbúin fyrir farangursrými fólkbifreiða.

Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Inga Hersteinsdóttir

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson
Stjórnandi rannsókna

Reykjavík 18. september 2017
Rannsóknarnefnd samgönguslysa